

Alþingi
Erindi nr. P 139/2413
komudagur 13.5.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða).

Félags- og tryggingamálanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. 763. mál.

Með frumvarpinu er verið að staðfesta vilja ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) þess efnis að endurskoða samspil bóta almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og LL frá 3. desember 2010 og samkomulag félags- og tryggingamálaráðherra og LL frá 30. desember 2010 sem gert var á grundvelli fyrrnefndrar yfirlýsingar. Markmiðið er að koma í veg fyrir víxlverkun milli örorkubóta frá almannatryggingum og örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja framkvæmd framangreinds samkomulags aðila á gildistíma þess, en þess er vænst að á þeim tíma verði áður nefndri endurskoðun á sambandi og samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga lokið og að sú vinna leiði fram lausn á víxlverkan þessara tveggja meginstoða lífeyristrygginga landsmanna.

Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir því að á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 muni bótagreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, ekki lækka vegna almennra hækkana lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að greiðslur frá lífeyrissjóðum lækki ekki vegna almennra hækkana sem kunna að verða á örorkulífeyri almannatrygginga.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins